



GEENVI

Að takast á við
umhverfissjónarmið til
að auka jarðhitanytingu
í Evrópu




Nýting djúps jarðhita hefur mikla burði til að bera í mörgum Evrópulöndum. Hinsvegar er það svo að kostir tækninnar til að nýta jarðhita til raforkuframleiðslu, sem og hitunar og kælingar, er ekki á allra vitorði.

Á undanförunum árum hefur nýting djúps jarðhita á sumum svæðum staðið frammi fyrir neikvæðri ímynd, sérstaklega hvað varðar umhverfisáhrif. Þetta er talið líklegt til að hamlar framgangi jarðhitanytingar á evrópskum markaði.

GEOENVI verkefnið leggur áherslu á að bregðast við þessum áhyggjum tengdum umhverfisáhrifum, með það að markmiði að jarðhiti geti gengt mikilvægu hlutverki í framtíðarorkuskiptum.

Verkefninu er stjórnað af EGEC, það hófst í nóvember 2018 og stendur yfir í 30 mánuði (þangað til í apríl 2021).

Af hverju?



Þátttökulönd í GEOENVI verkefninu eru: Frakkland, Ítalía, Belgía, Ísland, Tyrkland og Ungverjaland. Þessi lönd eru með mismunandi möguleika á nýtingu djúps jarðhita, misþróaðan jarðhitamarkað sem og ólíka jarðfræðilega eiginleika:.

Þessi lönd voru valin vegna þess að þau hafa möguleika á nýtingu djúps jarðhita og þar eru orkuver í rekstri eða þróun.

Valdar málsrannsóknir í þessum löndum hafa þá eiginleika að hægt er að endurtaka þær um gjörvalla Evrópu.

Hvar?



GEOENVI verkefnið sýnir fram á sjálfbærni djúps jarðhita með:

- Mati á umhverfisáhrifum og áhættu vegna jarðhitaverkefna sem eru í rekstri eða þróun í Evrópu.
- Hönnun einfaldaðra LCA líkana fyrir framkvæmdaraðila jarðhitaverkefna til að meta umhverfisáhrif.
- Tillögum til ákvörðunaraðila um samræmdar evrópskar umhverfisreglugerðir.
- Samtali um umhverfisþætti jarðhita á yfirgripsmikinn og hlutlægan hátt, ásamt fjölmiðlaherferðinni #ThisWeeksGoodNews.

Hvernig?




Neikvæð umhverfissjónarmið eru mikil hindrun fyrir þróun á djúpum jarðhita í Evrópu. Lífsferlismat (LCA) er besta leiðin til að meta hugsanleg umhverfisáhrif, en aðferðirnar til að framkvæma LCA geta verið mjög mismunandi, tekið langan tíma og eru ekki sniðnar að orkukerfum.

GEOENVI rannsóknarverkefnið leggur til leiðbeiningar til að samræma núverandi LCA aðferðir sem notaðar eru fyrir jarðhitaorkuver með mismunandi jarðfræðilegar aðstæður yfir líftíma þeirra. GEOENVI hefur einnig þróað ný samþætt, einfölduð líkön fyrir þá sem hafa ekki sérfræðikunnáttu á LCA, til að meta hugsanleg umhverfisáhrif jarðhitanýtingar.

Skoðið <https://www.geoenvi.eu/lca-for-geothermal/>

LCA



This Week's Good News

G E O E N V I

Fylgið #GEOENVI #ThisWeeksGoodNews til að heyra um hvernig jarðhiti og tækniþýtingar hans stuðla að hreinna umhverfi og betra samfélagi.



Samstarfsaðilar

HAFÐU SAMBAND OG FYLGSTU MEÐ



@EGEC_geothermal



www.geoenvi.eu



@EGEC Geothermal



communication@geoenvi.eu



@EGECgeothermal



@EGEC Geothermal



GEOENVI verkefnið hefur hlotið styrk frá Horizon 2020 rannsóknar- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins samkvæmt samningi nr. 818242



G E O E N V I